

Alþingi
Erindi nr. P 131/1823
komudagur 4/31/1823



MOSFELLSBÆR

Alþingi
Samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 3. maí 2005
nr. erindis 200504191 rr

Efni: Svar til samgöngunefndar Alþingis.

Samgöngunefnd Alþingis sendi Mosfellsbæ til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005- 2008, 721. mál. Erindið var tekið fyrir á 713. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar og eftirfarandi bókun gerð:

200504191 – Erindi Alþingis vegna umsagnar um samgönguáætlun.

Erindið lagt fram. Jafnframt er bærarstjóra falið að ítreka þegar sendar skoðanir Mosfellsbæjar á samgönguáætlun.

Hjálagt fylgir bréf bærarstjóra til samgönguráðherra þar sem fram kemur að afrit var sent formanni samgöngunefndar og þingmönnum kjördæmisins.

Virðingarfyllt


Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bærarstjóri

Meðfylgjandi: Bréf til Samgönguráðuneytisins dags. 15. mars 2005.

Samgönguráðuneytið
Hr. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík.

Mosfellsbæ, 15. mars 2005
200503166 ELE

Efni: Tvöföldun Vesturlandsvegur frá Skarhólabraut að Langatanga

Um leið og Mosfellsbær fagnar þeim áfanga sem nú blasir við í tvöföldun Vesturlandsvegur þá er lögð áhersla á að tvöföldun frá Skarhólabraut að Langatanga verði flýtt. Vegalengdin sem um ræðir er örstutt í metrum talin en flöskuháls sem dregur úr afkastagetu vegarins og skapar hættu.

Vegagerðin hefur reifað hugmyndir sínar um þrjár akreinar á þessari leið, eina akrein í norður en tvær í suður. Þær hugmyndir eru góðra gjaldaverðar en betur má ef duga skal.

Framkvæmdir á Vesturlandsvegi hafa staðið í all mörg ár og ekki séð fyrir endann á þeim en verði af þessari tvöföldun þá er þess lengra að bíða að umferð um fjölfarnasta þjóðveg landsins verði í uppnámi vegna framkvæmda.

Á 707. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar fimmtudaginn 10. mars síðastliðinn var samþykkt eftirfarandi bókun.

Samþykkt með þremur atkvæðum að skora á samgönguyfirvöld að fara strax í tvöföldun Vesturlandsvegur frá Skarhólabraut að Langatanga.

Bæjarstjóra falið að koma þessari áskorun á framfæri við samgönguráðherra.

Vesturlandsvegurinn er fjölfarnasti þjóðvegur landsins og þessi viðbót tvöföldunar mun ekki aðeins auka afkastagetu vegarins til muna heldur og efla öryggi þeirra vegfarenda sem um Vesturlandsveginn fara.

Það er von Mosfellsbæjar að við endurskoðun samgönguáætlunar verði tillit tekið til sjónarmiða og óska sveitarfélagsins og tvöföldun Vesturlandsvegur frá Skarhólabraut að Langatanga verði flýtt og hún unnin í beinu framhaldi af þeirri tvöföldun sem nú er í gangi.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bæjarstjóri

Afrit:
Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar
Þingmenn kjördæmisins